

---

# Fundargerð

---



**ÍSLENSKI**  
LÍFEYRISSJÓÐURINN

---

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn miðvikudaginn 4. maí  
2022, kl. 17:00 í Landsbankanum, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

---

---

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Hannes J. Hafstein, lögmann, í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Hannes tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Pétur Pétursson sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði næst lögmati fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 12. apríl 2022, og á vef Íslenska lífeyrissjóðsins þann 8. apríl 2022. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmæta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu.

### **Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Fundarstjóri lagði til að umræður og fyrirspurnir verði sameinaðar um dagskrárlið eitt til fjögur. Fundurinn gerði ekki athugasemd við tillöguna.

---

# 1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Atla Atlasyni, formanni stjórnar, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Hann bauð sjóðfélaga velkomna og þakkaði þeim fyrir að mæta á fundinn. Ræða hans fer hér á eftir:

## „Ágætu sjóðfélagar!

Rekstur Íslenska lífeyrissjóðsins gekk vel á árinu 2021 eins og síðustu ár. Sjóðurinn hélt áfram að vaxa og sjóðfélögum að fjölga. Þá var ávöxtun eigna góð á árinu en síðustu þrjú er meðalraunávöxtun sjóðsins í heild 8,3%.

Nafnávöxtun deilda sjóðsins á síðasta ári var á bilinu 1,8% til 15,3%. Þá var hrein raunávöxtun samtryggingardeildar 7,7%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar samtryggingardeildar sl. fimm ár er 6,4% og 6,1% sl. tíu ár.

Hrein raunávöxtun Líf I, sem er stærsta séreignardeild sjóðsins, var 10,0% á árinu 2021. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar í Líf I sl. fimm ár er 7,4% og 6,3% sl. tíu ár.

Hrein eign til greiðslu lífeyris var 139,9 milljarðar króna í lok árs 2021 og hafði vaxið um 22,3 milljarða króna frá fyrra ári en það samsvarar 19,0% vexti á árinu.

Tryggingafræðileg úttekt sjóðsins var unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Samkvæmt útreikningum hans eru heildareignir samtryggingardeildar 10,1% lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar. Áfallin staða er jákvæð um 601,9 m.kr. eða sem nemur 2% af áfallinni skuldbindingu. Framtíðarskuldbinding er hins vegar um 8,1 ma. kr. hærri en eignir eða sem nemur 18,2%. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2020 var heildaskuldbinding sjóðsins neikvæð um 1,0%. Þessi mikla breyting á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á milli ára skýrist af nýjum dánar- og eftirlifendatöflum sem gefnar voru út af fjármála- og efnahagsráðherra í lok árs 2021, en töflurnar byggja á tillögum Félags íslenskra tryggingarstærðfræðinga.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða, má munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10%. Sama gildir ef munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Það er því ljóst að sjóðurinn verður að bregðast við halla á

tryggingafræðilegri stöðu þegar á þessu ári. Stjórn sjóðsins hefur þegar hafið undirbúning að útgáfu nýrra réttindataflna og breytinga á samþykktum en stefnt er að því að boða til aukaársfundar næsta haust þar sem nýjar töflur verða lagðar fram. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins fer nánar yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins hér á eftir.

Sjóðfélögum Íslenska lífeyrissjóðsins hélt áfram að fjölga á síðasta ári. Virkir sjóðfélagar í árslok 2021, þ.e. einstaklingar sem að jafnaði greiða mánaðarleg iðgjöld til sjóðsins, voru 20.286 samanborið við 18.883 á árinu 2020 sem samsvarar um 7% fjölgun á milli ára.

Iðgjöld sjóðfélaga á árinu 2021 námu 13,3 milljörðum króna samanborið við 12,2 milljarða króna á árinu 2020 sem er 9,3% hækkun á milli ára.

Enginn starfsmaður er hjá Íslenska lífeyrissjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins.

Stjórnin hélt 12 formlega stjórnarfundi á liðnu starfsári auk stefnumótunarfundar stjórnar og ársfundar sem haldinn var í maí.

Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm einstaklingum, öllum kosnum af sjóðfélögum sjóðsins. Í varastjórn eru tveir einstaklingar.

Í lok ársfundar 2021 voru aðalmenn í stjórn sjóðsins, auk mín, þau Snorri Ómarsson, Þórir Óskarsson, Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Una Eypórsdóttir. Varasmenn voru Guðríður Sigurðardóttir og Valur Ægisson.

## Endurskoðunarnefnd

Sérstök endurskoðunarnefnd starfar hjá sjóðnum og er hlutverk hennar m.a. að sinna eftirliti með endurskoðun ársreiknings sjóðsins og að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila. Nefndin skilar skýrslu um sín verkefni til stjórnar en fundir endurskoðunarnefndar voru 6 talsins vegna starfsársins 2021.

Nefndina skipa Þórir Óskarsson stjórnarmaður, Una Eypórsdóttir stjórnarmaður og Örn Þorbergsson endurskoðandi og er Þórir formaður nefndarinnar.

---

## Fjárfestingarráð

Á árinu 2020 ákvað stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins að stofna aðra undirnefnd stjórnar, svonefnt fjárfestingaráð, en samkvæmt starfsreglum fjárfestingaráðs er meginhlutverk ráðsins að fylgjast með fjárfestingum sjóðsins og gæta hagsmuna sjóðsins og sjóðfélaga gagnvart þeim aðila sem falið er að annast eignastýringu fyrir sjóðinn. Fjárfestingaráð skipa tveir stjórnarmenn, þau Snorri Ómarsson, sem er formaður ráðsins og Erla Ósk Ásgeirsdóttir auk Vals Ægissonar varastjórnarmanns. Fjárfestingaráð hélt 3 fundi á árinu 2021.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stjórnar- og nefndarmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári.

Að þessu sinni verður kosið um tvo aðalmenn til þriggja ára og einn varamann til þriggja ára. Í framboði til aðalmanna eru Atli Atlason og Þórir Óskars-son. Framboðsfrestur aðalmanns er viku fyrir ársfund og þar sem ekki bárust fleiri framboð er ljóst að sjálfkjörið verður í aðalstjórn sjóðsins.

## Laun stjórnar

Stjórn sjóðsins telur eðlilegt að stjórnarlaun hækki almennt samhliða þróun launavísitölu og leggur því til að stjórnarlaun verði hækkuð úr 117 þúsund kr. í 125 þúsund kr. á mánuði í takt við almenna launaþróun frá mars 2021 – mars 2022 eða um 6,8%.

## Stefna um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar

Í lok síðasta árs samþykkti stjórn nýja stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar. Með stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar lýsir Íslenski lífeyrissjóðurinn skýrum vilja til að leggja aukna áherslu á umhverfis- og loftslagsmál, jákvæð samfélagsáhrif og góða stjórnarhætti við rekstur sjóðsins og fjárfestingarákvarðanir. Samhliða nýrri stefnu birtir sjóðurinn ítarlegar sjálfbærni upplýsingar á vef sínum þar sem finna má einkunnagjöf innlenda og erlenda eignasafnsins út frá UFS-þáttum, þ.e. þar sem útgefendur eru metnir út frá umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnar-

háttum. Þá má jafnframt finna á vefnum upplýsingar um kolefnisspor innlenda hluta eignasafnsins.

Góðir fundarmenn.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að það eru krefjandi tímar á mörkuðum. Ófriður í Evrópu og áhrif Covid hafa haft mikil áhrif á efnahagslíf heimsins og sér ekki fyrir endann á því. Samkvæmt nýrri þjóðhags- og verðbólguá Spá Seðlabankans er gert ráð fyrir yfir 8% verðbólgu á bæði þriðja og fjórða ársfjórðungi þessa árs.

Þá tilkynnti Peningastefnunefnd Seðlabankans um hækkun stýrivaxta um 1 prósentustig nú í morgun. Eftir breytinguna verða stýrivextir 3,75%.

Gangi spá Seðlabankans eftir er líklegt að verðbólguvæntingar haldi áfram að vaxa á næstunni. Í yfirlýsingu Peningastefnunarinnar segir m.a.: „Peningastefnunefnd telur líklegt að herða þurfi taumhald peningastefnunnar enn frekar á næstu mánuðum til að tryggja að verðbólga hjaðni í markmið innan ásættanlegs tíma. Ákvarðanir í atvinnulífi, á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum munu skipta miklu um hversu hátt vextir þurfa að fara.“

Það er því ljóst að það eru krefjandi tímar fram undan, og mikilvægt fyrir þau sem stýra lífeyrissjóðum landsmanna að fylgjast vel með framvindu mála en á sama tíma að viðhafa langtíma hugsun í fjárfestingum.

Ágætu sjóðfélagar, ég hef hér farið yfir helstu þætti í starfsemi stjórnar á árinu 2021.

Framkvæmdastjóri sjóðsins og sjóðstjóri munu hér á eftir fara yfir rekstur sjóðsins árið 2021 og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2022 ásamt nánara yfirliti um ávöxtun einstakra leiða.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem hafa starfað með okkur í stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra, áhættustjóra, forstöðumanni stýringar eigna og hans teymi, starfsfólki bókhalds og bakvinnslu og öðrum þeim sem komið hafa að rekstri sjóðsins fyrir vel unnin störf í þágu hans.“

---

## 2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2021. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðanda þann 6. apríl 2022. Framkvæmdastjóri fór yfir yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Hann fjallaði einnig um vöxt deilda og sögulega raunávöxtun deilda og skiptingu eigna

eftir gjaldmiðlum. Í umfjöllun hans fór hann einnig yfir þætti er snúa að umhverfis- og félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Í stefnu sjóðsins um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar væri lögð áhersla á virka upplýsingagjöf um starfsemi og eignasafns sjóðsins, m.a. um sjálfbærni og fjárhagsupplýsingar. Að lokum fjallaði Ólafur um sögulega þróun á eignasafni sjóðsins út frá einkunnagjöf greiningaraðilanna Reitun og MSCI ESG Fund Rating.

---

## 3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Ólafur Frímánn Gunnarsson forstöðumaður Stýringar eigna hjá Landsbréfum, gerði þessu næst grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2022. Fjárfestingarstefna ársins 2022 var samþykkt af stjórn sjóðsins í nóvember 2021. Fram kom að stefnan væri mótuð út frá stöðu sjóðsins, aldri sjóðfélaga, markmiðum og áhættuþoli. Stór hluti eigna sjóðsins er í séreignardeildum en sjóðfélagar geta flutt inneign sína á milli ávöxtunarleiða og til annarra vörsluaðila. Þá geti sjóðfélagar tekið út frjálsa séreign í eingreiðslu frá 60 ára aldri en 22% af frjálsri séreign er í eigu sjóðfélaga 60 ára og eldri. Af þessum sökum þarf stórt hlutfall eigna að vera í seljanlegum eignum.

Engin breyting var gerð á fjárfestingarstefnu Líf I, Líf II, Líf III og samtryggingardeild sjóðsins. Nokkur breyting var gerð á fjárfestingarstefnu Líf IV en undanfarið hefur stefnan verið sú að eingöngu hefur verið fjárfest í skuldabréfum með ábyrgð ríkis. Í fjárfestingarstefnu Líf IV fyrir árið 2022 er stefnt að því að 60% af eignasafni sjóðsins sé í skuldabréfum

með ábyrgð ríkis, 20% í sértryggðum skuldabréfum fjármálafyrirtækja, 10% í skuldabréfum sveitarfélaga og 10% í öðrum skuldabréfum.

Ólafur fór einnig yfir þróun markaða á árinu 2021. Í þeirri umfjöllun kom fram að Seðlabanki Íslands hóf vaxtahækkunarferli á árinu en meginvextir Seðlabankans hækkuðu úr 0,75% í 2,0% á árinu en verðbólga hélst yfir verðbólguþolmiði Seðlabankans allt árið og í lok árs nam hún 5,1%. Skuldabréfavísitala kauphallarinnar hækkaði um 1,2% en mikill munur var eftir því hvort um verðtryggða hlutann eða óverðtryggða hlutann var að ræða. Verðtryggði hluti vísitölunnar hækkaði um 6,5% en óverðtryggði hluti hennar lækkaði um 1,5%. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var góð á árinu og hækkaði heildarvísitala íslenska hlutabréfamarkaðarins um 40,2%. Tvö félög voru skráð á aðalmarkað kauphallarinnar, Íslandsbanki hf. og Síldarvinnslan hf. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 20,3% en í krónum talið nam hækkunin 23,3%.

---

## 4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, gerði því næst grein fyrir tryggingafræðilegri athugun á samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2021 og forsendum hennar.

Fram kom að tölverðar breytingar voru gerðar á forsendum útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Fjármálaráðuneytið auglýsti í desember 2021 að reiknilíkan Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga um aukningu á lífslíkum skyldi verða hluti af staðalforsendum og reglum um endurmat eigna yrði breytt. Lífeyrissjóðum væri heimilt að fresta gildistöku nýrra forsendna til 2023 en stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins tók þá ákvörðun að nýjar forsendur tækju gildi strax.

Í tryggingafræðilegri athugun í lok árs 2021 kom fram að tryggingafræðileg staða væri neikvæð um 10,1%, þ.e. eignaliðir voru lægri en heildarskuldbindingar sjóðsins en til samanburðar var tryggingafræðileg staða í lok árs 2020 neikvæð um 1,0%. Ástæðan væri eingöngu breyttar forsendur um lífslíkur. Staða sjóðsins væri því utan þeirra marka sem áskilin eru í lögum um starfsemi lífeyrissjóða og bregðast þyrfti strax við. Stjórn sjóðsins ynni í samráði við tryggingastærðfræðing að breytingum á samþykktum og ljóst að lækka þyrfti réttindatöflur til framtíðar.

Fundarstjóri bauð upp á umræður og fyrirspurnir um dagskrárliði eitt til fjögur. Engar spurningar voru bornar upp.

---

## 5. Kosning í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum og eru allir stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum. Framboðsfrestur rann út viku fyrir fund. Að þessu sinni yrðu kosnir tveir aðalmenn til þriggja ára og einn varamaður til þriggja ára. Kjörtímabil tveggja stjórnarmanna væri að renna út á þessum fundi, þ.e. Atla Atlasonar og Þóris Óskarssonar og eins varamanns, Guðríðar Sigurðardóttur.

Atli og Þórir höfðu báðir boðið sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan lið. Engin mótframboð höfðu borist fyrir ársfundinn og voru þeir því sjálfkjörnir í stjórnina og lýstir rétt kjörnir sem aðalmenn í stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins til næstu þriggja ára.

Guðríður bauð sig fram sem varamann en samkvæmt samþykktum sjóðsins geta framboð borist á ársfundinum. Engin mótframboð bárust og var því Guðríður sjálfkjörin sem varamaður til þriggja ára.

---

## 6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins lagði til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2022 verði kjörin Baker Tilly - Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18. Ekki var gerð athugasemd af fundarmönnum.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri Baker Tilly - Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18, því réttkjörinn endurskoðandi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2022.

---

## 7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Engar tillögur bárust.

---

---

## 8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnar-laun verði 125.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir stjórnarformann og ein og hálf stjórnarlaun fyrir varaformann. Varamenn fá greiddar 54.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund auk 71.000 króna til viðbótar fyrir hvern fund sem þeir eru boðaðir á í forföllum stjórnarmanns. Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærrí en sem svarar til launa stjórnarmannanna.

Stjórn leggur til að laun fyrir endurskoðunarnefnd og fjárfestingaráð verði sem hér segir:

Laun nefndarmanna (ráðsmanna) verði 62.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Laun formanna verði 93.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Tillagan felur í sér 6,8% hækkun sem er í takt við hækkun á launavísitölu.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum lið. Enginn kvað sér máls. Tillagan var samþykkt samhljóma af fundarmönnum.

---

## 9. Önnur mál

Fundarstjóri kannaði hvort einhver óskaði eftir því að kveða sér orðs. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar til að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri gaf því stjórnarformanni orðið. Hann þakkaði stjórn og

starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu og sagði fundi slitið kl. 17:43

Sjóðfélagar á fundi voru 14 og vægi atkvæða 0,11%. Þannig fram farið.

---

Hannes J. Hafstein, fundarstjóri

---

Pétur Pétursson, fundarritari



# Undirritunarsíða

Hannes Júlíus Hafstein

Pétur Pétursson